

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. júlí 2024  
UST202406-095/R.S.  
10.05.00

## **Efni: Ósk um umsögn - Tilkynning um framkvæmd - Móttaka úrgangsolíu í Örfirisey**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Framkvæmdarlýsing**

Olíudreifing ehf. hefur undanfarin ár tekið á móti og hreinsað um 6.000 tonn af úrgangsolíu á ári. Þar sem að magnið hefur verið að aukast vill Olíudreifing auka umfangið í 9.000 tonn af óunninni úrgangsolíu til að geta mætt mögulegri áframhaldandi aukningu. Allur búnaður og hreinsun á úrgangsolíunni verður óbreytt.

### **Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar**

Í tilkynningunni kemur fram að öllum úrgangi frá vinnslunni sé skilað til Sorpu í Álfsnesi. Þá er undantöppun leidd í vaktaðar olíuskiljur áður en að það fer í fráveitukerfi Veitna og því telur Olíudreifing að umhverfisálag á vatn sé hverfandi. Þá kemur fram að gufur frá vinnslunni séu hverfandi og því sé losun í andrúmsloft hverfandi.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi, en ekki hafa verið gerðar athugasemdir vegna vinnslu úrgangsolíunnar í eftirlitsskýrslum. Í eftirlitsskýrslum hefur komið fram að ekki hafi verið mikil lykt frá starfsemi þegar eftirlit hefur farið fram. Í eftirlitsskýrslum kemur einnig fram að skynjarar í olíuskiljum séu prófaðir á þriggja mánaða fresti og olíuskiljur yfirfarnar og þrífarnar eftir þörfum. Í ljósi þessa, og að eftir að fara í gegnum olíuskiljurnar fer undantappað vatn svo í fráveitukerfi Veitna áður en því er veitt í sjó, telur Umhverfisstofnun að litlar líkur séu á umhverfisáhrifum á vatn vegna framkvæmdarinnar.

### **Niðurstaða**

Að teknu tilliti til ofangreinds telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að aukið umfang framkvæmdarinnar hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**